

vera sýkn af kröfum aðalstefnanda, Steins Steinsens f. h. bæjarstjórnar Akureyrar.

Í gagnsök viðurkennist bótaréttur gagnstefnanda og að framangreind matsgerð er gild og verður ekki breytt nema með yfirmati.

Aðalstefnandi greiði aðalstefnda kr. 2500.00 í málskostnað í aðalsök og gagnsök innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 21. júní 1955.

Nr. 46/1954. **Guðrún Þorgrímsdóttir**

og

Tómas Tómasson (Sveinbjörn Jónsson)

gegn

**Skiptaráðandanum í Reykjavík f. h. þrotabús
Byggingarfélagsins Smiðs h/f**

og

Kristjáni Erlendssyni (Gústaf A. Sveinsson)
og gagnsök.

Dómenður:

hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Gizur Bergsteinsson og
Jónatan Hallvarðsson og prófessorarnir Theodór B. Línal og
Ólafur Jóhannesson.

Dánarbætur.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjendur hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 10. apríl 1954 og fengið gjafsókn í því hér fyrir dómi. Krefjast þau þess, að gagnáfrýjendum verði dæmt in solidum að greiða þeim kr. 126.630.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 4. október 1948 til greiðsludags og málskostnað í héraði og hér fyrir dómi eftir mati Hæstaréttar, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál.

Gagnáfrýjendur hafa áfrýjað málinu af sinni hálfu með stefnu 7. maí 1954. Er það *aðalkrafa* þeirra, að þeim verði

aðeins dæmt að greiða aðaláfrýjendum $\frac{4}{5}$ hluta af kr. 1100.00, en að aðaláfrýjendum verði gert að greiða þeim málskostnað í héraði og hér fyrir dómi. *Varakrafa* gagnáfrýjanda er sú, að dæmd fjárhæð verði lækkuð eftir mati dómsins, að hvorum aðilja verði gert að bera kostnað sinn af málinu í héraði, en að aðaláfrýjendum verði dæmt að greiða þeim málskostnað fyrir Hæstarétti.

Eins og greinir í héraðsdómi, hefur tryggingarfræðingur reiknað með líkindatölum innstæðu tjónbóta handa aðaláfrýjendum. Vegna ummæla í forsendum héraðsdóms skal það tekið fram, að tryggingarfræðingurinn hefur við þann útreikning tekið tillit til minnkandi starfsorku Tómasar heitins Tómassonar, eftir því sem aldur hefði færzt yfir hann.

Samkvæmt atvikum málsins og með hliðsjón af líkindareikningi tryggingarfræðingsins þykir rétt að leggja til grundvallar, að tjón aðaláfrýjanda Guðrúnar Þorgrímsdóttur, eftir að frá eru dregnar bætur þær frá Tryggingastofnun ríkisins, sem í héraðsdómi getur, nemi kr. 43.000.00. Ber gagnáfrýjendum að greiða henni $\frac{4}{5}$ hluta þeirrar fjárhæðar, eða kr. 34.400.00. Gagnáfrýjendum ber einnig að greiða henni $\frac{4}{5}$ hluta útfararkostnaðar, og má staðfesta þá niðurstöðu héraðsdóms, að þær bætur séu hæfilega ákveðnar kr. 3536.80. Samkvæmt þessu eiga gagnáfrýjendur að greiða aðaláfrýjanda Guðrúnu Þorgrímsdóttur in solidum kr. 37.936.80 með vöxtum, eins og krafizt er.

Bætur til handa aðaláfrýjanda Tómasi Tómassyni þykja hæfilega ákveðnar kr. 12.000.00, samkvæmt því sem í héraðsdómi greinir, og ber gagnáfrýjendum að greiða honum in solidum þá fjárhæð ásamt vöxtum, svo sem dæmt er í hinum áfrýjaða dómi.

Ákvæði héraðsdóms um greiðslu málskostnaðar í héraði ber að staðfesta.

Gagnáfrýjendum ber að greiða in solidum málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 3736.00. Af þeim hljóti ríkissjóður kr. 1736.00 og talsmaður aðaláfrýjenda fyrir Hæstarétti kr. 2000.00.

Dómsorð:

Gagnáfrýjendur, skiptaráðandinn í Reykjavík f. h. protabús Byggingarfélagsins Smiðs h/f og Kristján Erlendsson, greiði in solidum aðaláfrýjanda Guðrúnu Þorgrímsdóttur kr. 37.936.80 ásamt 6% ársvöxtum frá 4. október 1948 til greiðsludags. Enn fremur greiði gagnáfrýjendur in solidum aðaláfrýjanda Tómas Tómassyni kr. 12.000.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 4. október 1948 til greiðsludags.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um málskostnað í héraði á að vera óraskað.

Gagnáfrýjendur greiði in solidum málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 3736.00. Af þeim hljóti ríkissjóður kr. 1736.00 og talsmaður aðaláfrýjenda, Sveinbjörn Jónsson hæstaréttarlögmaður, kr. 2000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 20. marz 1954.

Mál þetta, sem dómtekið var 10. þ. m., hefur Guðrún Þorgrímsdóttir, Bröttugötu 6, hér í bæ, að fengnu gjafsóknarleyfi 7. október 1949, höfðað fyrir sína hönd og sonar síns, Tómasar Tómassonar, fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, útgefinni 8. desember 1949, gegn Kaupvangi h/f, Byggingarfélaginu Smið h/f, sem nú er undir gjaldprotaskiptum, og Kristjáni Erlendssyni trésmiðameistara, öllum hér í bænum, til greiðslu skaðabóta in solidum, að fjárhæð kr. 126.630.00 auk 6% ársvaxta frá 4. október 1948 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Eftir ósk lögmanna aðilja og ákvörðun dómsins var málinu skipt samkvæmt ákvæðum 5. mgr. 71. gr. laga nr. 85 frá 1936, og var það flutt munnlega um fébótaskyldu stefndu hinn 4. maí 1951. Samdægurs var kveðinn upp dómur í héraði í þeim þætti málsins. Dómi þessum var skotið til Hæstaréttar með stefnu, útgefinni 10. maí 1951. Gekk dómur í Hæstarétti 17. nóvember 1952. Varð niðurstaða hans sú, að stefndi Kaupvangur h/f var sýknaður af kröfum stefnanda, og skyldi málskostnaður í héraði og Hæstarétti falla niður, að því er þessa aðilja varðaði. Hins vegar voru protabú Byggingarfélagsins Smiðs h/f og Kristján Erlendsson dæmdir fébótaskyldir in solidum gagnvart stefnendum um $\frac{1}{4}$ hluta tjóns þeirra vegna fráfalls Tómasar Tómassonar trésmiðameistara, Bröttugötu 6, en hann var eig-

inmaður stefnandi Guðrúnar og faðir stefnandans Tómasar. Þá voru þessir tveir stefndu dæmdir til þess að greiða kr. 5200.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Í þessum þætti hafa stefnendur *aðallega* haldið fast við kröfur sínar í stefnu á hendur stefndu þrotabúi Byggingarfélagsins Smiðs h/f og Kristjáni Erlendssyni. *Til vara* hafa stefnendur krafizt annarrar lægri fjárhæðar eftir mati dómarans.

Stefndu hafa krafizt þess *aðallega*, að þeir verði sýknaðir af kröfum stefnenda gegn greiðslu á $\frac{1}{2}$ hlutum af kr. 930.00. Þá krefjast þeir málskostnaðar úr hendi stefnenda eftir mati dómsins í þessum þætti málsins. *Til vara* krefjast stefndu þess, að þeir verði aðeins dæmdir til að greiða stefnendum smávægilega fjárhæð eftir mati dómarans, og verði málskostnaður þá látinn falla niður.

Stefnandi Guðrún, sem er fædd 2. nóvember 1885, reisir kröfur sínar á því, að hún hafi verið algerlega á framfæri manns síns, er hann féll frá, og hefði að sjálfsögðu orðið það áfram, ef hans hefði notið við. Hún kveðst mörg undanfarin ár hafa verið heilsuveil, enda þótt hún hafi klæðzt og gegnt húsmóðurstörfum eftir mætti. Þá telur hún efnahag sínum þann veg farið, að hún geti ekki séð fyrir sér sjálf.

Stefnandinn Tómas er fæddur 1. janúar 1929. Hann var í 6. bekk Hins almenna menntaskóla í Reykjavík, er faðir hans lézt af slysförum. Hann tók stúdentspróf vorið 1949 og stundaði síðan hagfræði- og félagsfræðinám í Bandaríkjunum og lauk þar magisterprófi vorið 1953. Síðan hefur hann stundað þar framhaldsnám, sem ráðgert er að taki $2\frac{1}{2}$ ár. Hann reisir kröfur sínar á því, að hann hafi ekki getað kostað sig til námsins af eigin ramleik, og mundi því faðir sinn hafa styrkt sig til þess, hefði hann lifað, en vegna dauða hans hafi hann farið á mis við slíkan styrk.

Stefnendur hafa sundurliðað kröfu sína svo:

- | | |
|---------------------------------------|----------------|
| 1. Bætur til stefnandi Guðrúnar | kr. 100.000.00 |
| 2. Bætur til Tómasar yngra | — 20.000.00 |
| 3. Kostnaður við útför o. fl. | — 6.630.00 |

Samtals kr. 126.630.00

Stefndu reisa kröfur sínar á því, að Tómas heitinn hafi verið nær þrotinn að starfsþreki, er hann dó, þar sem hann hafi þá verið næstum 68 ára að aldri (f. 19. október 1880, d. 11. október 1948). Séu því engar líkur til, að hann hefði haft þrek til að stunda vinnu að staðaldri framvegis, þótt hann hefði lifað. Þessu til stuðnings benda stefndu á, að nokkur atriði í skýrslu réttarlæknis um krufningu á líki Tómasar heitins gefi til kynna, að ýmis líffæri hans hafi verið farin að gefa sig. Þá telja stefndu, að þröngur efnahagur stefn-

andi Guðrúnar bendi ekki til þess, að hann hafi haft miklar eða stöðugar tekjur fyrir dauða sinn.

Í málinu liggur fyrir vottorð lækni, er var heimilislæknir Tómasar heitins síðustu 15—16 árin, sem hann lifði, þess efnis, að læknum hafi ekki verið kunnugt um annað en að Tómas hafi verið sæmilega heilsuhraustur og eftir atvikum full vinnufær miðað við aldur, allt þar til hann varð fyrir slysi því, er leiddi hann til bana.

Þykir mega leggja vottorð þetta til grundvallar um heilsufar Tómasar heitins, enda hafa stefndu ekki sýnt fram á, að heilsu hans og starfsþreki hafi verið verr farið en almennt gerist hjá mönnum á hans aldri. Verður því að telja, að Tómas heitinn hefði enn um nokkurra ára skeið getað framfært konu sína af vinnutekjum sínum og styrkt son sinn til náms.

Samkvæmt staðfestum afritum af skattaframtölum Tómasar heitins fyrir tekjuárin 1943—1947 hefur hann sjálfur talið vinnutekjur sínar svo: Árið 1943 kr. 21.512.53, árið 1944 kr. 19.938.37, árið 1945 kr. 20.532.52, árið 1946 kr. 32.074.21 og árið 1947 kr. 31.140.71. Við framtöl þessi hafa skattayfirvöld bætt kr. 4000.00 árið 1943, kr. 10.000.00 árið 1944, kr. 5000.00 árið 1946 og kr. 6000.00 árið 1947.

Tryggingarfræðingur hefur gert þrjár áætlanir um framtíðarvinnutekjur Tómasar heitins og miðað þær við: 1. framtöl hans sjálfs, 2. ákvarðanir skattayfirvalda og 3. tímakaup. Við áætlanir þessar hefur tryggingarfræðingurinn ekki tekið með framtal tekjuársins 1948, þar sem hann telur augljóst eftir gögnum málsins, að á því komi ekki fram allar vinnutekjur Tómasar þann tíma ársins, sem hann lifði. Gerir tryggingarfræðingurinn síðan ráð fyrir, að hjónin hefðu notið vinnuteknanna að jöfnu, og hefur reiknað út væntanlegt tjón ekkjunnar vegna niðurfalls þeirra, miðað við dánardag Tómasar heitins, og nemur tjónið kr. 73.284.00, kr. 88.090.00 eða kr. 85.262.00 eftir því, hvort miðað er við 1., 2. eða 3. vinnutekjuáætlun.

Þá hefur tryggingarfræðingurinn reiknað út væntanlegt tjón stefnanda Tómasar miðað við það, að hann hafi við fráfall föður síns misst af 5000.00 króna styrk á ári, meðan hann væri við fyrrgreint nám. Reiknast honum tjón Tómasar yngra kr. 19.740.00, en að því bættu lækki bótakrafa ekkjunnar um kr. 9535.00.

Við ákvörðun bóta til stefnanda þykir rétt að hafa hliðsjón af þeim útreikningi tryggingarfræðingsins um vinnutekjuáætlun, er byggist á framtölum Tómasar heitins sjálfs.

Tryggingarfræðingurinn hefur ekki í útreikningum sínum áætlað neina lækkun á tekjum vegna opinberra gjalda eða vegna væntanlega rýrnandi starfsorku Tómasar heitins, eftir því sem aldur færðist yfir hann.

Begar virt er það, sem hér að framan er rakið, svo og önnur þau atriði, er hér skipta máli, þykir heildartjón stefnandi Guðrúnar, þar með taldar bætur fyrir röskun á stöðu og högum, hæfilega áætlað kr. 65.000.00. Af því ber stefndu að greiða $\frac{1}{4}$ hluta, eða kr. 52.000.00.

Stefnandi Guðrún hefur fengið kr. 22.028.00 greiddar í bæt看 vegna dánarslyssins, og ber að draga það fé hér frá. Samkvæmt þessu ber stefndu að greiða henni kr. 29.972.00.

Að því er varðar stefnandann Tómas, þykir tjón hans vegna dánarslyss þessa hæfilega áætlað kr. 15.000.00. Af því ber stefndu að greiða $\frac{1}{2}$ hluta, eða kr. 12.000.00.

Stefnendur hafa sundurliðað útfararkostnaðinn svo:

1. Kista o. fl.	kr. 2409.00
2. Útvarp á jarðarför	— 500.00
3. Til prests	— 200.00
4. Kistuskreyting	— 50.00
5. Prentun erfiljóða og þakkarkorta	— 258.00
6. Auglýsingar	— 113.00
7. Steypt um grafreit	— 2300.00
8. Minningartafla	— 800.00

Samtals kr. 6630.00

Stefndu telja, að nauðsynlegur útfararkostnaður hafi ekki numið nema kr. 900.00 af 1. lið og kr. 30.00 af 3. lið, og miða þeir aðalkröfu sína í málinu við það. Öðrum kostnaðarliðum hafa stefndu mótmælt sem sér algerlega óviðkomandi. Byggja þeir mótmælin gegn 1. lið á því, að á þeim tíma, er útför Tómasar heitins fór fram, hafi verið hámarksverð á líkkistum og verð á venjulegum líkkistum ákveðið kr. 900.00. Svo var, sem stefndu halda fram um þetta atriði. En í þessum lið mun vera innifalinn kostnaður við útfararsöng. Þykir því rétt að taka þenna lið til greina með kr. 1500.00.

Þá verður að fallast á það hjá stefndu, að þeim sé óviðkomandi kostnaður við útvarp jarðarfara og kostnaður við kaup á minningartöflu.

Hins vegar verður að telja kostnað samkvæmt öðrum liðum hér að framan eðlilegan og venjulegan kostnað við útfarir hér í Reykjavík. Nemur því útfararkostnaðurinn kr. 4421.00, og ber stefndu að greiða $\frac{4}{5}$ hluta þeirrar fjárhæðar, eða kr. 3536.80.

Samkvæmt framansögðu verða því úrslit máls þessa þau, að stefndu verða in solidum dæmdir til að greiða stefnendum samtals kr. 45.508.80 (kr. 29.972.00 + kr. 12.000.00 + kr. 3536.80) með vöxtum eins og krafizt hefur verið, svo og málskostnað í þessum þætti málsins, kr. 3500.00, og hljóti talsmaður stefnenda kr. 3000.00 af málskostnaðinum.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Stefndu, þrotabú Byggingarfélagsins Smiðs h/f og Kristján Erlendsson, greiði in solidum stefnendum, Guðrúnu Þorgrímsdóttur og Tómasi Tómassyni, kr. 45.508.80 með 6% ársvöxtum frá 4. október 1948 til greiðsludags, og kr. 3500.00 í málskostnað.

Hljóti talsmaður stefnenda, Sveinbjörn Jónsson hæstaréttarlögmaður, kr. 3000.00 af málskostnaðinum.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 22. júní 1955.

Nr. 131/1953. **Karl D. Pétursson**

og

Gunnar A. Pétursson (Gústaf A. Sveinsson)

gegn

Jónasi Gíslasyni

og

Ósvaldi Knudsen (Einar B. Guðmundsson).

Dómenndur:

hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Gizur Bergsteinsson, Jón Ásbjörnsson, og Jónatan Hallvarðsson og Ólafur Jóhannesson prófessor.

Um leigu á fasteign og kauprétt leigutaka.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjendur, sem skotið hafa máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 8. september 1953, gera þessar dómkröfur:

I. *Aðalsök í héraði.*

Aðalkrafa:

Að stefndu verði dæmt að gefa út til handa áfrýjendum innan hæfilegs tíma afsal fyrir mannvirkjum á jörðinni Hópi III í Grindavíkurhreppi ásamt erfðaleiguréttindum, sem í málinu greinir, gegn 66.000 króna kaupverði, er áfrýjendur inni af hendi þannig, *aðallega* að þeir taki að sér greiðslu veðskuldar, er á eigninni hvílir, og greiði eftirstöðvarnar að helmingi Ósvaldi Knudsen í reiðufé, en að helmingi stefnda Jónasi Gíslasyni, kr. 20.000.00 með skuldajöfnuði og afganginn með skuldabréfi, er tryggt sé með 2. veðrétti í umræddum eignum og greiðist á 10 árum ásamt 5% ársvöxtum, *til vara*